



TILLAGA

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Sérmerkt stæði fyrir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið við Lindargötu.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að eitt bílastæði við Lindargötu 1-3 (Arnarhvoll) verði sérstaklega merkt ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins.

Greinargerð:

Þann 26. janúar sl. barst skrifstofunni erindi Umbru, þjónustumiðstöðvar Stjórnarráðsins, þar sem óskað var eftir sérmerktu bílastæði fyrir ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins aftan við núverandi bílastæði fjármála- og efnahagsráðuneytisins við Lindargötu.

Samkvæmt upplýsingum frá Umbru liggur ekki fyrir hversu lengi hið nýja ráðuneyti verður staðsett í Arnarhvoli. Gert er ráð fyrir að sérmerking stæðisins verði fjarlægð ef ráðuneytið flyst á varanlegan stað.

Í samræmi við 84. gr. umferðarlaga hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Útprintun úr Borgarvefsjá – Bílastæði við Lindargötu.

Bílastæði við Lindargötu

Ingólfsstræti

Lindargata

